

Fundargerð

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

7. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 7. fundar í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 1. apríl 2026 kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þormar, Skorradalshreppi
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Guðveig Lind Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG sem ritaði fundargerð (sat fundinn á Teams)

1. Skipulagsmál í sameinuðu sveitarfélagi

Rætt um stöðu verkefna á sviði skipulags- og byggingarmála og yfirtöku verkefna.

Byggingarfulltrúi Skorradalshrepps er búinn að segja upp samningnum. Starfandi sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs Borgarbyggðar óskar eftir aðgengi að gögnum Skorradalshrepps í skipulags- og byggingarmálum til að undirbúa yfirtöku þeirra.

Afgreiðsla:

Undirbúningsstjórn óskar eftir því að sveitarstjórn Skorradalshrepps opni á aðgang fyrir starfsmenn skipulags- og umhverfissviðs Borgarbyggðar að málum í skjalakerfi sveitarfélagsins sem nauðsynleg eru til að undirbúa færslu verkefna á sviði skipulags og byggingarmála og veiti heimild til að leitað verði til þeirra verktaka sem sinnt hafa verkefnum fyrir Skorradalshrepps.

2. Staða verkefna

Nafnakönnun er ennþá í undirbúningi hjá OneSystems en er ekki komin í loftið.

Yfirlit samninga frá Borgarbyggð liggur fyrir. Vinna við söfnun og yfirferð samninga Skorradalshrepps er vel á veg komin.

Undirbúningur kosninga. Tryggja þarf aðgang að kjörskrárkerfi og að farið verði yfir kjörskrár sem birtast í kjörskrárkerfinu og tryggja að ekkert.

Afgreiðsla: Kynnt.

3. Drög að tillögu að samþykktum sameinaðs sveitarfélags

Lögð fram drög að tillögu að samþykkt fyrir sameinað sveitarfélag til umræðu.

Afgreiðsla:

Afgreiðslu frestað

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.